

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### 20. fundur.

að Hlíðavegi 6, 10. maí 2007, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 30. apríl svar við fyrirspurn v/Grímsstaða.
3. Framlagning kjörskrár vegna Alþingiskosninga 12. maí 2007.
4. Erindi frá Landsvirkjun dags. 27. apríl, ósk um stækkun iðnaðarsvæðis í Kröflu.
5. Skýrsla leikskólustjóra vegna endurbóta á leiksvæði leikskólans.
6. Trúnaðarmál.
7. Fundargerð Skólanefndar frá 7. maí.
8. Þjónustusamningur v/ Mývatnsstofun lagður fram til samþykktar.
9. Erindi frá Landsvirkjun dags. 9. maí ósk um stækkun orkuvinnslusvæðis á norðurhluta Kröflusvæðisins og Gjástykkissvæðisins sem nær inn á svæisskipulag miðhálandisins.
10. Erindi frá Böðvari Péturssyni ósk um lagningu heimreiðar að nýju íbúðarhúsi í Baldursheimi.
11. Heiðursborgaranafnbót.

Til kynningar.

Fundargerð Héraðsráðs frá 24. apríl.

Fundargerð samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða frá 23. apríl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Elín Steingrímsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9, 10 og 11 yrði bætt á dagskránnu. Jafnframt óskaði oddviti eftir að breyta röð dagskrárliða frá því sem áður hafði verið auglýst. Samþykkt samhljóða.

### 2. Erindi frá Landsvirkjun dags. 27. apríl, ósk um stækkun iðnaðarsvæðis í Kröflu.

Á fundi sveitarstjórnar 26. apríl sl. var frestað erindi frá formanni samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, þar sem beðið var gagna frá Landsvirkjun um sama málefni. Nú hafa þau gögn borist. Með bréfi dags. 27. apríl óskar Landsvirkjun eftir að orkuvinnslusvæðisafmörkun á Kröflusvæðinu í svæðisskipulagi sveitarfélaganna sem nú er í vinnslu, verði útvíkkuð frá því sem er í núgildandi aðalskipulagi Kröflusvæðisins. Mf. erindinu er kort er sýnir þrjár tillögur. Ástæða þess að Landsvirkjun fer fram á stækkun orkuvinnslusvæðisins í Kröflu er að rannsóknir á vestursvæðinu gefa litlar vonir um að hægt verði að nýta það til raforkuvinnslu með hefðbundinni vinnslutækni svo máli skipti. Í áætlun Landsvirkjunar varðandi aukna raforkuframleiðsu fyrir fyrirhugað álver á Bakka á Húsavík, hefur fram að þessu einkum verið horft til vestursvæðisins, þ.e.a.s. að það myndi geta fætt nýja vöðvinnslu á Kröflusvæðinu. Hlutur Kröflusvæðisins í verkefninu er áætlaður 40 MWe, stækkun núverandi Kröflustöðvar og ný Krafla, 120 MWe. Nú er hafin borun rannsóknarholu á Sandabotnasvæðinu til að rannsaka austasta hluta Kröflusvæðisins. Þrátt fyrir að þar fyndist nýtanlegur jarðhiti til raforkuframleiðslu er ekki talið líklegt að hann standi undir nýrri vöðvinnslu. Ef jarðhitakerfið á nyrsta og norðvestasta hluta Kröflusvæðisins hefur náð að jafna sig eftir Kröflueldana, þá er mjög líklegt að það muni geta staðið undir nýrri vöðvinnslu í Kröflu. Einnig er fyrirhugað að rannsaka vestursvæðið betur til að staðfesta endanlega uppbyggingu og eiginleika þess og er því farið fram á smá útvíkkun orkuvinnslusvæðisins þar til austurs til að auðvelda rannsóknir. Þá er og líka farið fram á útvíkkun á austasta orkuvinnslusvæðinu til að auðvelda nauðsynlegar rannsóknir og hugsanlega vinnslu á Sandabotnasvæðinu. Sveitarstjórn samþykkir tillögu tvö, með þeim breytingum að undanskilja bílastæði við Leirhnjúk, þess verði jafnframt gætt að ekki verði raskað þeim gönguleiðum sem fyrir eru á svæðinu og að útvíkkunin verði afmörkuð á korti með meiri nákvæmni en nú er. Böðvar vék af fundi við afgreiðslu málsins, í hans stað kom Kári Þorgrímsson.

### 3. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 30. apríl svar við fyrirspurn v/Grímsstaða.

Borist hefur svar Skipulagsstofnunar við bréfi sveitarstjórnar þar sem óskað var álits stofnunarinnar á því hvernig farið er með skipulagsmál þar sem ágreiningur er um eignarhald á landi. Í svari Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdir er ekki hægt að hefja nema fyrir liggja deiliskipulag, byggingar- eða framkvæmdaleyfi og samþykki viðkomandi landeigenda. Deiliskipulag er ekki hægt að samþykkja nema það sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Deilur um landamerki þarf hins vegar

að leysa með samkomulagi milli landeigenda eða fyrir dómstólum. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að skipulagsvaldið sé í höndum sveitarstjórnar og getur hún því hvort sem er á eigin landi eða einkalandi auglýst tillögur að aðalskipulagsbreytingum og deiliskipulagi og jafnframt nýtt sér eignarnámsheimildir. Sveitarstjórn gæti því í þessu tilviki auglýst breytingartillöguna í heild eða einungis af þeim hluta svæðisins sem ekki er deilt um. Ekki verði hins vegar hægt að hefja framkvæmdir á því svæði sem deilt er um fyrr en landamerkjadeilan hafi verið leyst.

Sveitarstjórn samþykkir að halda áfram þar sem frá var horfið og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins. Elín og Steinunn véku af fundi við afgreiðslu málsins. Í þeirra stað kom Kári Þorgrímsson. Einnig vék Guðrún María af fundi.

**4. Framlagning kjörskrár vegna Alþingiskosninga 12. maí 2007.**

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 298, 144 konur og 154 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörnefnd.

**5. Skýrsla leikskólastjóra vegna endurbóta á leiksvæði leikskólans.**

Borist hefur skýrsla leikskólastjóra dags. 23. apríl, þar sem lögð er fram tillaga til fjögurra ára að endurbótum á leikskólalóð og forgangsröðun á þeim verkefnum sem brýnast er að vinna. Tillagan gerir ráð fyrir að á þessu ári verði unnið að endurbótum á undirlagi á völinn, lagfærðar þökur, auk lagfæringa á leiktækjum. Í fjárhagsáætlun fyrir 2007 var gert ráð fyrir einni milljón til endurbóta á leikskólalóð. Tillögu að endurbótum fyrir árin 2008 – 2010 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Í bréfi leikskólastjóra með tillögunni lýsir hún þeirri skoðun sinni að Skútustaðahreppur ætti að leita aðstoðar Skipuskoðunar Íslands við samantekt og gerð tímasettrar áætlunar við forgangsröðun endurbóta á leiksvæðinu, en Skipaskoðin Íslands sem löggiltur úttektaraðili leiksvæða, framkvæmdi úttekt á leiksvæðum leik- og grunnskóla 10. okt. sl. Sveitarstjórn telur að þar sem fyrir liggja tímasett úrbótaáætlun frá leikskólastjóra á leiksvæði leikskólans sé engi þörf á að leita aðstoðar Skipaskoðunar Íslands

**6. Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

**7. Fundargerð skólanefndar frá 7. maí.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar um kennararáðningar kemur fram að borist hafi uppsögn frá Þuríði Helgadóttur. Auglýst hafi verið tvisvar eftir kennurum án árangus þó hafi tveir kennaranemar komið og kynnt sér skólann. Þrír núverandi leiðbeinendur hafa sótt um áframhaldandi stöður. Skólastjóri mælir með að gengið verði frá fastri ráðningu við Ingibjörgu Björnsdóttur og Sigríði Sigmundsdóttur, þar sem þær ljúki sínu kennaranámi á næsta skólaári. Þá mælir skólanefnd með að gengið verði frá ráðningu Ásdísar Illugadóttur í starf stuðningsfulltrúa fyrir næsta skólaár.

Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar. Öðrum liðum frestað og samþykkt að boða skólastjóra til fundar.

- 8. Þjónustusamningur v/ Mývatnsstofun lagður fram til samþykktar.**  
Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi þjónustusamning. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn hlutafjárkaup í Mývatnsstofu ehf að upphæð kr. 500.000,-

*Þjónustusamningur*

Mývatnsstofa ehf, kt. annars vegar, og Skútustaðahreppur, kt. 600269-1009, hins vegar, gera með sér svofelldan

*samning*

1. Tilgangur Mývatnsstofu ehf er rekstur upplýsingamiðstöðvar, viðburða- og verkefnisstjórnun, þjónusta á sviði markaðs- og kynningarmála, og skyld starfsemi.
2. Í samræmi við tilgang Mývatnsstofu ehf rekur félagið upplýsingamiðstöð allt árið um kring í Mývatnssveit. Skútustaðahreppur hlutast til um að rekstur félagsins fái aðstöðu í húsnæði UST að Hraunvegi 8.
3. Þjónustusamningur þessi felur í sér eftirtalin verkefni:
  - a. Upplýsingagjöf til ferðafólks.
  - b. Viðburðastjórnun eða aðkoma að undirbúningi og framkvæmd viðburða innan sveitarfélagsins enda sé gert um það nánara samkomulag milli viðkomandi aðila hverju sinni. Ennfremur skipulagning á opinberum heimsóknum, móttöku fjölmiðlafólks og önnur almannatengsl.
  - c. Almenn kynning og markaðssetning á Mývatnssveit. Ennfremur umsjón eða aðkoma að stærri sameiginlegum kynningar- og markaðsverkefnum samkvæmt áætlun sem ákveðnar eru árlega.
  - d. Umsjón með sameiginlegu kynningarefni um Mývatnssveit, enn fremur umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins.
  - e. Önnur verkefni samkvæmt nánara samkomulagi sem rúmast innan þessa samnings og markmiða félagsins.
4. Greiðslur Skútustaðahrepps til Mývatnsstofu samkvæmt þessum samningi eru kr. 250.000 á mánuði til ársloka 2007. Frá 1. janúar 2008 verða greiðslur á mánuði kr. 200.000. Innifalið í gjaldinu er aðstaða í húsnæði að Hraunvegi 8. Upphæð samnings skal endurskoðuð árlega og skal endurskoðun hafa farið fram fyrir 1. mars ár hvert.
5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Samningurinn tekur gildi við undirskrift og gildir til 4ra ára.

Mývatnssveit, 27. apríl 2007

F.h. Mývatnsstofu ehf

F.h. Skútustaðahrepps

---

Oddvita falið að undirrita samninginn f.h. Skútustaðahrepps.

- 9. Erindi frá Landsvirkjun dags. 9. maí, ósk um stækkun orkuvinnslusvæðis á norðurhluta Kröflusvæðisins og Gjástykkissvæðisins sem nær inn á svæðisskipulag miðhálandisins.**

Með bréfi dags. 9. maí óskar Landsvirkjun eftir stækkun á orkuvinnslusvæði á norðurhluta Kröflusvæðisins og í Gjastykki. Umrætt svæði er innan svæðisskipulags miðhálandisins 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að senda erindið til Samvinnunefndar um svæðisskipulag miðháldendis Íslands.

**10. Erindi frá Böövari Péturssyni ósk um lagningu heimreiðar að nýju íbúðarhúsi í Baldursheimi.**

Með bréfi óskar Böövar eftir heimreið að nýju íbúðarhúsi sem risið er í Baldursheimi.

Samþykkt að óska eftir því við Vegagerðina að lögð verði heimreið að nýju íbúðarhúsi í Baldursheimi.

**11. Heiðursborgaranafnbót.**

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

*“Freysteinn Jónsson í Vagnbrekku verður 104 ár nk. fimmtudag, 17. maí. Freysteinn hefur búið alla æfi í Mývatnssveit og er elsi núlifandi karlmaður á Íslandi. Hann er mikill Mývetningur og fylgist enn vel með því sem gerist í sveitinni hans. Því er vel við hæfi að Skútustaðahreppur veiti honum heiðursborgaranafnbót í tilefni afmælisdagsins.”*

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Dagbjört tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir,

Elín Steingrimsdóttir,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böövar Pétusson.